

Mánudaginn 10. júní 1996.

Nr. 4/1996.

**Alþýðusamband Íslands
f.h. Sjómannasambands Íslands
vegna Verkalýðsfélagsins Vöku**

(Jóhann Halldórsson hdl.)

gegn

Siglfirðingi hf.

(Kristján Þorbergsson hdl.)

Verkfall. Uppsögn úr starfi. Sektargreiðsla. Gagnkrafa.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík f.h. Sjómannasambands Íslands, kt. 570269-2249, Borgartúni 18, Reykjavík vegna Verkalýðsfélagsins Vöku, kt. 670269-5669, Suðurgötu 10, Siglufirði.

Stefndi er Siglfirðingur hf., kt. 580679-0729, Aðalgötu 34, Siglufirði.

Dómkröfur stefnanda:

Stefnandi gerir þær dómkröfur að dæmt verði:

Að stefndi hafi sagt upp fjórum starfsmönnum sínum með ólög-
mætum hætti og með því brotið gegn 4. gr. og 18. gr. laga nr. 80/1938
um stéttarfélag og vinnudeilur.

Að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu samkvæmt 65. gr. laga
nr. 80/1938.

Þá er þess jafnframt krafist með hliðsjón af gagnkröfugerð
stefnda að stefnandi verði sýknaður af kröfum hans.

Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefn-
anda málskostnað auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

1. Þess er krafist að viðurkennt verði með dómi að verkfall Verka-
lýðsfélagsins Vöku sem stóð frá 24. maí 1995 til 15. júní s.á. hafi
verið ólöglegt.
2. Þess er krafist að Verkalýðsfélagið Vaka og Sjómannasamband
Íslands verði dæmd til greiðslu sektar fyrir brot á 15. gr. laga nr.
80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.

3. Þess er krafist að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum gagn-
aðila.
4. Krafist er málskostnaðar úr hendi gagnaðila.

Málavextir.

Stefndi er útgerðaraðili b/v Siglis SI-250 en skipið hefur verið gert út frá Siglufirði. Hafa undirmenn um borð verið félagsmenn í Verkalýðsfélaginu Vöku, stefnanda þessa máls.

Verkfall Sjómannasambands Íslands og aðildarfélaga þess hófst kl. 24:00 þann 24. maí 1995 og stóð til miðnætis þann 15. júní 1995 eða í 22 sólarhringa. Fram kom í verkfallsboðun Sjómannasambands Íslands f.h. aðildarfélaga sinna frá 3. maí 1995 að Verkalýðsfélagið Vaka á Siglufirði hafi verið meðal þeirra er veitt höfðu umboð til að boða til vinnustöðvunar á fiskiskipum á félagssvæði sínu.

Skip stefnda Siglir SI-250 hélt til veiða frá Reykjavík 2. júní 1995 er verkfallið stóð yfir. Voru fjórir félagsmenn Vöku, þeir Jóhann Halldórsson, Ólafur Valtýr Rögnvaldsson, Ómar Örn Grímsson og Sigurður E. Sigurðsson boðaðir til skips vegna væntanlegrar brottfarar skipsins. Félagsmenn stefnanda töldu að þeim væri óheimilt að mæta til vinnu enda var þeim kunnugt um að verkalýðsfélag þeirra væri þátttakandi í verkfalli Sjómannasambands Íslands og aðildarfélaga þess.

Félagsmenn Vöku kynntu skipstjóra Siglis afstöðu sína og fyrir-mæli formanns verkalýðsfélagsins þess efnis að þeim væri óheimilt að taka upp störf í verkfalli enda myndi slíkt fela í sér verkfallsbrot af þeirra hálfu. Fulltrúar Sjómannafélags Reykjavíkur komu og til viðræðna við skipstjóra og kynntu honum afstöðu Sjómannasambandsins um að verkfall sambandsins næði til skipsins og að félagsmönnum aðildarfélaga sambandsins væri óheimilt að taka til starfa í miðju verkfalli.

Þrátt fyrir ofangreint ítrekaði skipstjóri Siglis fyrirskipun sína til skipverja um að mæta um borð í Sigli SI-250 til þess að taka upp störf. Bar skipstjóri því við að Siglufirðingur hf., útgerð skipsins, væri ekki aðildarfélag Landssambands íslenskra útvegsmanna og því tæki verkfall Sjómannasambandsins ekki til skips stefnda.

Framangreindir félagsmenn stefnanda hlýddu fyrir-mælum for-svarsmanna Vöku og neituðu að taka upp störf. Fór svo að skipið lét úr höfn án þeirra.

Þann 12. júní 1995 bárust nefndum félagsmönnum stefnanda

skeyti, þar sem þeim var vikið úr skiprúmi með vísan til 2. tl. 1. mgr. 24. gr. sjómanna laga nr. 35/1985. Í skeytunum er tekið fram að af hálfu stefnda hafi verið skýrt fyrir félagsmönnum stefnanda að ekki hafi verið boðað verkfall sem næði til skipsins.

Fjórir framangreindir félagsmenn Vöku hafa leitað til stefnanda vegna þess að þeir telja að brotinn hafi verið á þeim réttur í verkfalli Sjómannasambands Íslands og aðildarféлага þess árið 1995.

Mál þetta var þingfest hinn 3. apríl sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 3. júní sl.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að samkvæmt kjarasamningum milli samtaka sjómanna og LÍÚ skuli tilkynna vinnustöðvun með þriggja vikna fyrirvara. Um verkfallsboðanir gildi ákvæði 16. gr. laga nr. 80/1938 en þar segir að ákvörðun um vinnustöðvun skuli tilkynna sáttasemjara og þeim sem hún beinist aðallega gegn, sjö sólarhringum áður en ætlunin sé að hún hefjist.

Vinnustöðvunin hafi beinst aðallega að félagsmönnum LÍÚ um land allt og því hafi ákvæðum vinnulöggjafarinnar um tilkynninga-skyldu verkfalla verið fullnægt með því að tilkynna verkfall til þeirra samtaka. Það að stefndi, útgerð Siglis SÍ-250, hafi ekki átt aðild að LÍÚ breyti ekki þeirri staðreynd að verkfallið hafi náð til skipsins að svo miklu leyti sem félagsmenn aðildarféлага Sjómanna-sambands Íslands hafi verið starfandi um borð í skipi stefnda. Breyti þannig engu þótt stefnda hafi ekki verið send sérstök tilkynning um verkfallsboðunina. Ákvæði 16. gr. laga nr. 80/1938 hafi hingað til verið túlkuð þannig að látið hafi verið nægja að boða verkfall til þeirra sem verkfall beinist aðallega gegn. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 80/1938 séu meðlimir stéttarfélaganna bundnir við löglegar samþykktir félags síns og heildarsamtaka er taki til þess félags. Enginn vafi sé á að um hafi verið að ræða löglega boðað verkfall sem náð hafi til félagsmanna stefnanda, Verkalýðsfélagsins Vöku. Félagmenn stefnanda hafi þar með verið bundnir af verkfallsboðuninni gagnvart sínu stéttarfélagi og hafi því verið óheimilt að taka upp störf í verkfalli.

Stefnandi telur að stefndi hafi brotið 4. gr. laga nr. 80/1938 í tvennum skilningi, annars vegar með því að boða félagsmenn þess til skips vegna veiðiferðar sem hefjast átti í miðju verkfalli og hins vegar með því að hóta þeim uppsögn ella. Í umræddri grein segir að

atvinnurekendum sé óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórn mála- skoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra eða afskipti af stéttar- eða stjórnmalafélögum eða vinnudeilum með uppsögnum úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn. Stefnandi telur að félagsmenn þess hafi verið látnir gjalda fyrir þátttöku sína í umræddu verkfalli og slíkt sé bæði brotlegt og bótaskyld. Þannig sé ranglega byggt á því af hálfu stefnda að um hafi verið að ræða ólögmett brottlaup fé- lagsmanna stefnanda úr starfi, er heimilað hafi stefnda að víkja fé- lagsmönnum stefnanda úr skipsrúmi samkvæmt ákvæðum 24. gr. laga nr. 35/1985.

Þar sem engin vinnuréttarleg skylda hafi hvílt á félagsmönnum stefnanda þess efnis að mæta til skips þann 2. júní 1995 hafi ekki verið um ólögmett brottlaup þeirra að ræða þegar þeir hafi neitað að fara um borð í skip stefnda þegar það lét úr höfn í miðju verk- falli. Þeir hafi ekki gert annað en að virða löglegt verkfall sem náð hafi til b/v Siglis SÍ-250 í eigu stefnda eins og annarra skipa á félags- svæði aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiski- mannasambands Íslands og Vélstjórufélags Íslands. Uppsögn stefnda á ráðningasamningi aðila sem fram fór með skeyti dagsettu þann 12. júní 1995 hafi því verið ólögmett og í raun byggð á rangri forsendu.

Heimildir útgerðarmanna til þess að víkja skipverjum fyrirvara- laust úr skipsrúmi séu tæmandi taldar í ákvæðum 23. og 24. gr. laga nr. 35/1985. Þar sem brottvikning stefnda á félagsmönnum stefn- anda, sem m.a. fór fram með skeyti dags. 12. júní 1995 og gerð var án fyrirvara, hafi ekki stuðst við neinar þær heimildir sem tiltekna séu í 23. eða 24. gr. laga nr. 35/1985 verði að telja brottvikninguna ólögmetta og bótaskylda, sbr. 25. gr. s.l.

Stefnandi telur og að háttsemi stefnda hafi falið í sér brot gegn 18. gr. laga nr. 80/1938. Í umræddu ákvæði komi fram að þeim sem vinnustöðvun beinist að einhverju leyti gegn sé óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda sem að vinnustöðvun standa. Með því að krefjast þess að félagsmenn stefnanda tækju upp störf í löglegu verkfalli hafi stefndi reynt að afstýra vinnustöðvun félagsmanna stefnanda. Braut stefndi þannig gegn fyrrnefndu ákvæði.

Stefnandi telur eðlilegt, að við ákvörðun á fjárhæð sektar sam- kvæmt 65. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur verði höfð hlið-

sjón af ætluðum bótarétti umræddra skipverja vegna hinnar ólög-
mætu brottvikningar. Þannig beri að ákvarða sekt er nemi saman-
lögðum launum nefndra félagsmanna stefnanda, eins og þau hefðu
orðið í veiðiferð þeirri, sem farin var í verkfallinu. Slík sekt gæti
numið fjórföldum hásetahlut þeirrar veiðiferðar eða þriggja mán-
aða kauptryggingu fjögurra manna. Þessi krafa styðjist við það sjón-
armið að stefndi eigi ekki að hagnast á broti sínu gegn fyrrnefndum
ákvæðum laga nr. 80/1938. Laun undirmanna miðað við þriggja
mánaðar kauptryggingu með orlofi hefðu orðið kr. 222.499,-.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málavexti að skip stefnda
„Siglir“ sé utan samtaka vinnuveitenda og stundi eingöngu veiðar
utan íslensku fiskveiðilögsögunnar, einkum á úthafskarfa á Reykja-
neshrygg. Útgerðin sé ekki samningsbundin launþegasamtökum, en
ráðningarkjör áhafnarmedlima taki mið af þeim heildarsamningum
sem gerðir hafa verið. Um mánaðamótin maí/júní 1995 hafi skipið
komið inn til löndunar í Reykjavík. Verkfall sjómanna, sem einkum
hafi snúist um ætlaða þátttöku áhafna í kaupum á aflaheimildum til
skipa, var þá hafið. Deilur um aflaheimildir og viðskipti með þær
hafi verið útgerð „Siglis“ og áhöfn hans óviðkomandi. Skipið hafi
engan kvóta og stundi ekki veiðar í kvótabundnum tegundum í ís-
lenskri lögsögu. Útgerðin hafi leitað við komu skipsins sérsamninga
við samtök sjómanna, en dæmi höfðu heyrst um slíka samninga, þar
sem svo hagaði til svo sem um „Sigli“.

Viðræður þessar hafi engan árangur borið og hafi þá útgerð
skipsins ákveðið að það skyldi leggja úr höfn allt að einu, enda utan
heildarsamtaka atvinnurekenda sem verkfallið beindist gegn. Lög-
mætt verkfall hafði ekki verið boðað útgerð skipsins.

Þegar leggja skyldi úr höfn hafi forystumenn sjómannafélaga
Reykjavíkur og Keflavíkur mætt á hafnarbakkann og reynt fyrst
með góðu og gylliboðum en síðan með hótunum og formælingum
að fá skipverja til að ganga frá borði, en skipstjóri hafði leyft
greindum forystumönnum að koma um borð og ræða við skipverja.
Hafi þeir fjórir sem í stefnu greinir gengið frá borði og þar með hafi
ráðningarsamband þeirra og útgerðarinnar verið rofið.

Því er mótmælt sem fjarstæðu að skipstjóri eða aðrir fyrirsvars-
menn útgerðar hafi haft hótanir í frammi. Boðun til skips hafi verið
með sama hætti sem endranær og án nokkurra hótana.

Stefndi byggir á því að umdeilt verkfall Verkalýðsfélagsins Vöku hafi verið ólöglegt sakir þess að við undirbúning þess og ákvarðanatöku um það hafi ekki verið gætt fyrir mæla 15. gr. laga nr. 80/1938 og framganga forystumanna félagsins og Sjómannasambands Íslands feli í sér brýnt brot á ákvæðum lagagreinarinnar.

Heimild sú sem getur í b- lið 15. gr. um umboð til handa samninganefnd eða félagsstjórn til að taka ákvörðun um vinnustöðvun einkorðist við samninganefnd á vegum þess félags sem í hlut eigi, eða félagsstjórn þess sama félags. Af samhenginu sé ljóst að ekki geti verið um aðra félagsstjórn að ræða, en þess félags sem í hlut eigi og hið sama verði þá einnig að gilda um samninganefndina, hún verði að starfa á vegum þeirra félagsmanna, sem heimildina veita.

Stefndi telur því að b- liður geymi ekki heimild til að veita samninganefnd Sjómannasambands Íslands umboð til að ákveða verkfall félagsmanna einstakra félaga og þá ekki verkfall félagsmanna Verkalýðsfélagsins Vöku.

En jafnvel þótt Félagsdómur komist að þeirri niðurstöðu að heimilt sé að framselja samninganefnd Sjómannasambands Íslands vald til að taka ákvörðun um verkfall félagsmanna einstaks verkalýðsfélags, verði að taka ákvörðun um slíkt framsal ákvörðunarréttar félagsmanna með þeim hætti sem greinir í a- lið 15. gr., en fyrir mæla þeirra ákvæða hafi í engu verið gætt. Atkvæðagreiðsla sú sem nefnd sé í framlagðri fundargerð hafi aðeins verið óformleg og lausleg skoðanakönnun sem engan veginn fullnægi þeim skilyrðum sem sett séu í a- lið 15. gr., sbr. b- lið greinarinnar.

Lögum samkvæmt hafi fundur í stjórn og trúnaðarráði engar heimildir haft til að gera þá fundarsamþykkt sem greinir í fundargerð. Heimild til að boða verkfall hafi því ekki verið til staðar og þaðan af síður heimild til að framfylgja löglausri ákvörðun.

Sjómannasamband Íslands eða samninganefnd þess hafi því ekki haft löglega heimild til að boða verkfall f.h. Verkalýðsfélagsins Vöku og sé framganga forystumanna þess ekki síður ámælisverð og refsiverð en félagsins, enda hafi þeim borið að ganga úr skugga um að umboðs, sem það krafði félagið um til að boða verkfall fyrir þess hönd, væri löglega aflað, áður en látið var til skarar skríða.

Þar sem verkfall verkalýðsfélagsins Vöku hafi verið ólöglegt, hafi skipverjum „Siglis“ borið að hlýða boði skipstjóra um að koma til skips. Kröfur um refsingar á hendur útgerðinni vegna brota á 4.

og 18. gr. laga nr. 80/1938 komi ekki til álita, þegar verkfallsaðgerðir þær sem beint sé gegn vinnuveitanda séu löglausar og feli í sér brýnt brot á lögum og þar með rétti þess vinnuveitanda sem í hlut eigi.

En jafnvel þótt verkfallið hefði verið löglega ákveðið, hafi stefndi ekki verið bundinn af ákvörðun um það þar sem það hafi aldrei verið boðað stefnda, sbr. 16. gr. laga nr. 80/1938. Orðið „aðallega“ í þeirri grein verði ekki skilið þannig að geðþóttaákvörðun ráði hverjir séu bundnir af verkfallsboðun sem beint sé að hagsmunasamtökum tiltekinna vinnuveitenda. Sá skilningur að atvinnurekstur utan slíkra raða sé bundinn af „ákvörðun“ sem enginn hafi móttekið fyrir hans hönd samkvæmt löglegu umboði sé fráleitur.

Af öllu framanröktu leiði að óhjákvæmilegt sé að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en dæma Verkalýðsfélagið Vöku og Sjómannasamband Íslands samkvæmt gagnkröfum stefnda, sem gerðar séu með heimild í 53. gr. laga nr. 80/1938.

Þær forsendur málatilbúnaðar á hendur stefnda, að um löglegt verkfall hafi verið að ræða séu rangar og grundvöllur málatilbúnaðar stefnanda því brostinn.

Niðurstaða.

Úrlausn máls þessa veltur á því hvort ákvörðun um vinnustöðvun þá, sem Sjómannasamband Íslands boðaði til vegna 27 aðildarféлага sinna, þar á meðal Verkalýðsfélagsins Vöku, og hefjast skyldi kl. 24:00 þann 24. maí 1995, hafi gagnvart stefnda farið í bága við ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og þar með verið ólögmæt.

Stefndi telur að ákvörðun um vinnustöðvunina hafi ekki verið tekin með þeim hætti sem fyrir er mælt í b-lið 15. gr. laga nr. 80/1938 þar sem Verkalýðsfélagið Vaka hafi, andstætt lagaákvæði þessu, framselt samninganefnd Sjómannasambands Íslands vald til að taka ákvörðun um vinnustöðvunina. Þótt slíkt framsal væri viðurkennt telur stefndi að fyrirmæla þessa lagaákvæðis hafi allt að einu ekki verið gætt. Jafnvel þótt ákvörðun um vinnustöðvunina verði talin lögmæt, álitur stefndi að vinnustöðvunin hafi samt sem áður verið ólögmæt gagnvart sér þar sem hún hafi ekki verið tilkynnt stefnda í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 80/1938.

Stefnandi telur að ákvörðun um vinnustöðvunina hafi verið tekin á lögmætán hátt af trúnaðarmannaráði stéttarfélagssins í samræmi við c-lið 15. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt 16. gr. laganna og viður-

kenndri túlkun og framkvæmd hennar í raun hafi ekki þurft að tilkynna stefnda sérstaklega um vinnustöðvunina.

Með bréfum, dags. 3. maí 1995, til Vinnuveitendasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna og ríkissáttasemjara tilkynnti Sjómannasamband Íslands að samninganefnd þess hefði ákveðið að boða til framangreindrar vinnustöðvunar vegna 27 tilgreindra aðildarfélaga sinna er hefðu veitt því eða samninganefnd þess umboð til boðunar vinnustöðvunar á fiskiskipum á félagssvæði sínu þar sem kjarasamningar fyrir sjómenn hefðu ekki tekist. Óumdeilt er að um kjör sjómanna í þjónustu stefnda hafði verið tekið mið af almennum kjarasamningum milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Í 15. gr. laga nr. 80/1938 er tæmandi talið með hvaða hætti ákvörðun um vinnustöðvun skuli tekin. Er um þrjár mismunandi leiðir að ræða og er vinnustöðvun, sem samþykkt er á annan hátt ólögmat. Samkvæmt c-lið 15. gr. laga nr. 80/1938 er vinnustöðvun heimil ef ákvörðun um hana hefur verið tekin „af trúnaðarmannaráði, ef lögviðkomandi félags fela því slíkt vald, enda hafi vinnustöðvunin verið samþykkt með a.m.k. 3/4 hlutum greiddra atkvæða á lögmatum trúnaðarmannaráðsfundi.“

Félagslög Verkalýðsfélagsins Vöku hafa að geyma svofellt ákvæði í 22. gr. um ákvörðun trúnaðarmannaráðs um vinnustöðvun: „Ákvarðanir um að hefja verkfall eða aflétta verkfalli, eru lögmæt- ar og bindandi fyrir félagið og meðlimi þess ef þær hafa verið samþykktar með 3/4 hlutum atkvæða á lögmatum trúnaðarmannaráðsfundi.“

Hinn 1. apríl 1995 var haldinn fundur stjórnar og trúnaðarmannaráðs Verkalýðsfélagsins Vöku. Samkvæmt framlagðri fundargerð lá fyrir á fundinum erindi frá stjórn Sjómannasambands Íslands þar sem óskað var eftir því að trúnaðarmannaráð stéttarfélagsins veitti stjórn Sjómannasambandsins og samninganefnd þess umboð til að boða til vinnustöðvunar fyrir hönd sjómannadeildar Vöku. Tekið er fram í fundargerðinni að atkvæðagreiðsla hafi farið fram um málið í sjómannadeild Vöku og samþykkt þar með yfirgnæfandi meirihluta að veita stjórn Sjómannasambandsins umboð til verkfallsboðunar. Þá er bókað að svohljóðandi tillaga formanns hafi verið borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum: „Fundur í stjórn og trúnaðarmannaráði Verkalýðsfélagsins Vöku Siglufirði haldinn

laugardaginn 1. apríl 1995, samþykkir að veita samninganefnd Sjómannasambands Íslands umboð til að boða vinnustöðvun fyrir hönd Sjómannadeildar Vöku.“

Skilja verður fyrrgreinda samþykkt frá 1. apríl 1995 svo að í henni hafi falist ákvörðun trúnaðarmannaráðs Verkalýðsfélagsins Vöku um vinnustöðvun á grundvelli c-liðar 15. gr. laga nr. 80/1938. Þar sem trúnaðarmannaráðið hafði samkvæmt félagslögum vald til að taka slíka ákvörðun verður að telja að ákvörðun um vinnustöðvunina hafi verið tekin með lögmætum hætti.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1938 ber að tilkynna ákvörðun um vinnustöðvun sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 7 sólarhringum áður en hún á að hefjast. Óumdeilt er að stefnda var ekki tilkynnt sérstaklega um vinnustöðvunina. Sú vinnustöðvun beindist aðallega að félagsmönnum Landssambands íslenskra útvegsmanna, en að þeim samtökum á stefndi ekki aðild. Um kjör sjómanna hjá stefnda var farið eftir kjarasamningum milli Sjómannasambands Íslands annars vegar og Landssambands íslenskra útvegsmanna hins vegar. Að þessu virtu og með vísan til orðalags 16. gr. laga nr. 80/1938, sbr. og Félagsd. III:213, verður ekki talið að skylt hafi verið að tilkynna stefnda sérstaklega um vinnustöðvunina. Stefnda sem var kunnugt um vinnustöðvunina mátti og vera ljóst að hún beindist að honum.

Samkvæmt framansögðu verður að telja að vinnustöðvun Verkalýðsfélagsins Vöku hafi að formi og efni verið gild gagnvart stefnda. Við þá ákvörðun voru einstakir meðlimir stéttarfélagsins bundnir, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938. Telja verður að stefndi hafi brotið gegn 4. gr. laga nr. 80/1938 með því að víkja greindum félagsmönnum Verkalýðsfélagsins Vöku úr skipsrúmi á þeim forsendum að þeir hafi ekki sinnt brottfararkvaðningu til skips, sbr. 2. tl. 1. mgr. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Þá verður jafnframt að telja að stefndi hafi brotið gegn 18. gr. laga nr. 80/1938 með því að reyna að koma í veg fyrir að vinnustöðvunin næði fram að ganga. Því verður aðalkrafa stefnanda tekin til greina.

Brot gegn lögum nr. 80/1938 varða sektum samkvæmt 70. gr., sbr. 65. gr. laganna. Samkvæmt málsúrslitum hér að framan um aðalkröfu stefnanda þykir rétt að ákvarða stefnda fésekt fyrir brot gegn 4. og 18. gr. laga nr. 80/1938. Þykir fésektin hæfilega ákveðin 500.000 kr. til ríkissjóðs.

Af framansögðu leiðir að sýkna ber stefnanda af gagnkröfum stefnda.

Eftir þessum málsúrslitum er rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr. og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Siglfirðingur hf., braut gegn ákvæðum 4. og 18. gr. laga nr. 80/1938 með uppsögn þeirra fjögurra starfsmanna sinna sem í málinu greinir.

Stefndi greiði 500.000 kr. sekt til ríkissjóðs.

Stefnandi, Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Vöku, skal vera sýkn af gagnkröfum stefnda, Siglfirðings h/f, í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda 100.000 kr. í málskostnað.
